

Aðalfundur Gróttu  
29.maí 2024, kl 17:30  
Íþróttahús Gróttu v/Suðurströnd

## Dagskrá

- Fundur opnaður af framkvæmastjóri félagsins, Jóni Sigurðssyni.
  - Tillaga um að fundarstjóri verði Ólafur Örn Svansson er samþykkt.
  - Tillaga um að fundarritari verði Kristinn Þorvaldsson er samþykkt.
- Ársskýrsla aðalstjórnar
  - Þróstur Þór Guðmundsson, formaður Gróttu, ávarpar fundinn. Lökendafjöldi í sögulegu hámarki. Árangurinn byggir á sjálfbærni og starfi sem er að mestu byggður upp af foreldrum. Kristín Finnbogadóttir (Gitta) gerður að heiðursfélagi fyrir í ár eftir 25 ára starf. Áskoranir félagasamtaka í kjölfar COVID hafa m.a. verið að halda í við mikið launaskrið. Rekstur félagsins er studdur af Seltjarnarnesbæ og er um leið mikið lagt upp með samstarf við skóla bæjarins á öllum stigum. Markmið félagsins hefur m.a. verið a virkja fleiri hópa innan bæjarins, m.a. gönguhóp. Þróstur þakkar samstarf síðustu 6 ára í starfi Aðalstjórnar, þeirra síðustu tveggja sem formaður. Ársreikningar félagsins eru ekki tilbúnir til afhendingar. Útvistun á bókhaldi í kjölfarið á því að Gitta fór á eftirlaun hefur valdið áskorunum og því eru ársreikningar ekki tilbúnir til samþykktar.
  - Gildi fundarins sem aðalafundar telst löglegur þar sem til hans var boðað með löglegum hætti.
  - Heimild er fyrir í lögum félagsins að halda aukaálfund til þess að samþykkja ársreikninga þegar þeir eru tilbúnir. Verður því boðið til auka aðalfundar gagngert til þess að samþykkja ársreikninga. Samþykkt af aðalfundi.
- Knattspyrnudeild
  - Formaður deildar, Þorsteinn Ingason fer yfir árið. Óvenjulegt að fara ekki yfir ársreikning. Farið er yfir helstu áfanga í ársskýrslunni. Verið er að kveðja, Valda vallarstjóra, og er söknuður af honum sem deildin finnur fyrir. M.fl. kvenna náði sínum best árangri og komst í úrslitaleik um umspil í efstu deild. M.fl. karla siglir lygnan sjó. 400 iðkendur í yngri flokkum og bikarsigrar á mótum erlendis. Íþróttasvæðið er stærsta forvarna- og æskulýðsstarf á Seltjarnarnesi. Sala á leikmönnum erlendis og uppaldir leikmenn sem eru þegar úti halda áfram að bera hróður félagsins sem víðast. Mikilvægt þroskaskref var tekið snemma árs 2024 þegar Magnús Helgason var ráðinn sem fyrsti starfmaður knattspyrnudeildar.
- Handknattleiksdeild
  - Formaður deildar, Ólafur Finnbogason, fer yfir árið. Tvö ár í starfi, þó hann hafi starfað sem þjálfari í 17 ára. Gaman að sjá aukið samstarf þvert á deildir, sem er félaginu til góðs. Kostnaðaraðhald hefur ráðið förlunni, m.a. með sölu leikmanna í m.fl karla. Skiluðu samt sama árangri í árinu á undan. M.fl. kvenna stóð sig gríðarlega vel og fór upp í efstu deild. Mikið fagnaðarerindi hversu margir eru að bjóða sig fram til stjórnar í handboltanum eftir að það hefur verið erfitt að manna deildir til þessa.

- b. Hulda Björk, formaður BUR, fer yfir starf barna-og unglíngaráðs. Um 350 iðkendur hér og í samstarfi við KR. Yngri flokkar að skila sér í úrslit í Höllinni. Þjálfarar standa sig vel. Andri Sigfússon hefur skrifað undir 2ja ára samning sem yfirþjálfari sem er vel. Dúkurinn í græna salnum er orðinn 25 ára og kominn á aldur. Næsta ár verður deildin að fara að rukka mótagjöld, þar sem sjoppuvaktir eru ekki að skila sér og peningar sem því fylgja.
5. Fimleikadeild
- a. Formaður deildar, Guðjón Rúnarsson, fer yfir árið. Rúmlega 650 iðkendur, 80% stúlkur og 60 stöðugildi. Hansína tók við sem framkvæmdastjóri að hausti. Iðkendur fengið flottar viðurkenningar á ýmsum vettvangi, m.a. Íþróttakona Gróttu og gull- og silfurverðlaun á erlendri grundu. Einnig hafa iðkendur skilað sér í afrekshópa fimleikasambandsins. Það hafa líka verið erfiðleikar í starfi. Þakka Hansínu og Sesselju, sem hefur þjálfað fyrir félagið í áratugi, fyrir samstarfið.
6. Spurt um samþykkt á fundargerð síðasta aðalfundar. Það hefur ekki tíðkast hjá félaginu, en fundarritari þakkar góða ábendingu.
7. Kosningar stjórnar
- a. Kjörgengnum félögum hefur verið afhentur miði, þess til staðfestingar. Aðalstjórn hefur ákveðið að lög félagsins sem tók gildi 2020, gildi þegar það er misræmi milli samþykktu félagsins. Farið yfir hvaða skilyrði þarf að uppfylla til þess að teljast kjörgengur og geta kosið á fundinum.
  - b. Knattspyrnudeild:
    - i. Í framboði eru Þorsteinn Ingason (formaður), Harpa Frímansdóttir, Helgi Héðinsson, Hildur Ólafsdóttir, Ingi Arnar Sigurjónsson, Kristín Huld Þorvaldsdóttir, Stefán Bjarnason
    - ii. Engin mótframboð eru og teljast þau því sjálfkjörin.
  - c. Fyrirspurn um röð kosninga. Ekkert í lögum félagsins segir til um röð kosninga.
  - d. Handknattleiksdeild
    - i. Í framboði stjórnar deildar eru Ólafur Andri, Arnkell, Elsa, Harpa, Kristbjörg, Viggó, Jökull.
    - ii. Engin mótframboð eru og teljast þau því sjálfkjörin.
    - iii. Í framboði hjá BUR eru Hulda (formaður), Arnar, Arndís, Eva Björk, Sunna, Stefán
    - iv. Engin mótframboð eru og teljast þau því sjálfkjörin.
  - e. Fimleikadeildar
    - i. Fjöldi í framboði er meiri en sæti í boð og því þarf að kjósa. Farið yfir hvaða reglur gilda við kosningu. Kosið til formanns, síðan stjórnarmenn sem verða að vera 5/7/9 (ásamt formanni).
    - ii. Farið fram á kosning verði leynileg. Aðalstjórn stígur til hliðar og ákveður hvernig þessu verður háttað.
    - iii. Í framboði eru
      - 1. Formann:
        - a. Guðjón Rúnarsson
        - b. Anna Sóley Jensdóttir
      - 2. Meðstjórnendur:
        - a. Birna, Fanney, Harpa Hlíf, Jóhanna, Sigríður, Tinna Molphy, Tinna Rut, Þórunn, Bylgja Ýr,
      - 3. Varamenn:

- a. Margrét Hauksdóttir, Guðni Steinarsson, Laufey Birna Jón.
- iv. Tillaga fundarstjóra er að það verði 9 í stjórn með formanni. Varamenn skulu vera 2. Samþykkt af aðalfundi
- v. Til þess að einfalda fyrirkomulag kosninga er ákveðið að kjósa um leið um laus sæti í Aðalstjórn.
- f. Aðalstjórn
  - i. Í framboð til formanns er **Karítas Kjartansdóttir** og telst því sjálfkjörin.
  - ii. Þrír frambjóðendur er um tvö laus sæti í Aðalstjórn og því þarf að kjósa. Óskað er eftir leynilegri kosningu.
- g. Fyrirkomulag kosninga
  - i. Fimleikadeild
    - 1. Skrifa niður nafn formanns Fimleikadeilda
    - 2. 8 nöfn
    - 3. 2 varamenn
  - ii. Aðalstjórn
    - 1. 2 stjórnarmenn valdir. Anna Björg, Svala og Pétur eru í framboði.
- h. Tillaga fundarstjóra að Lárus frá UMSK, sem er á svæðinu, fái það hlutverk að sjá til þess að framkvæmd kosninga fari vel fram. Engar athugasemdir við þá tillögu. Talning er í höndum starfsmanna Gróttu, Jóni og Hrafnhild, ásamt Lárusi og Erlu Gísladóttur.
- i. Athugasemd er gerð við að þeir sem hafa atkvæðisrétt eigi eingöngu að vera þeir iðkendur sem eru greiðendur. Þeirra athugasemd er svarað þannig að iðkendur glata ekki rétti til þess að kjósa þó að þeir greiði ekki æfingagjöld, sbr. meistaraflokksleikmenn.
- j. 18:53. Kosning og talning hefst og fundarstjóri býður gestum að njóta veitinga.
- k. Nýkjörinn formaður, Kaja, kynnir sig og þakkar kosningu. Er með mikla ástríðu fyrir félaginu og þakkar traustið. Gróttta er mikilvægur partur af samfélaginu og er Karítas full tilhlökkunar að takast á við þau verkefni sem bíða. Er einnig stolt af því starfi sem hefur átt sér stað hjá fráfarandi stjórn.
- l. 20:32. Niðurstöður kosninga
  - i. Niðurstöður yfirfarnar og staðfestar af Lárusi
  - ii. Aðalstjórn
    - 1. Meðstjórnendur
      - a. **Svala** (100), **Anna** (99) – Pétur (33) atkvæði
      - b. 5 ógildir
    - 2. **Aðalstjórn er því skipuð eftirfarandi aðilum:**
      - a. Karítas Kjartansdóttur, formaður
      - b. Ragnar Oddur Rafnsson, meðstjórnandi
      - c. Kristinn Þorvaldsson, meðstjórnandi
      - d. Anna Björg Erlingsdóttir, meðstjórnandi
      - e. Svala Sigurðardóttir, meðstjórnandi
  - iii. Fimleikadeild (106)
    - 1. Formaður
      - a. Ógildir 40, engin áhrif á formann. Ekki hægt að fullyrða áhrif á meðstjórnendur eða varamenn. Engar athugasemdir frá aðalfundi.
    - 2. Formaður
      - a. **Guðjón** (42), Anna Sóley (24).

3. Meðstjórnendur
  - a. **Harpa Hlíf** (65), **Þórunn** (63), **Tinna Molphy** (63), **Bylgja Ýr** (60), **Jóhanna** (56), **Tinna Rut** (55), **Birna** (54), **Fanney** (53) - **Sigríður** (51)
4. Varamenn
  - a. **Guðni** (45), **Margrét** (43) - **Laufey** (42)
8. Blóm afhend þresti og honum þakkað fyrir vel unnin störf.
9. 20:37. Fundi slitið